

Miðvikudaginn 26. janúar 1949.

Nr. 6/1949. **Valdstjórnin** (Gunnar Þorsteinsson)
 gegn
 Sigurjóni Sigurðssyni (Einar B. Guðmundsson).

Brot á fyrirmælum um upprunamerki á vörum.

Dómur Hæstaréttar.

Brot kærða, sem lýst er í hinum áfrýjaða dómi, varðar við tilkynningu verðlagsstjóra nr. 25 frá 14. nóvember 1947, sbr. 4. tölulið 12. gr. og 1. mgr. 16. gr. laga nr. 70 5. júní 1947. Þykir refsing kærða samkvæmt 22. gr. laga nr. 70/1947 og með hliðsjón af 1. gr. laga nr. 14 frá 8. marz 1948 hæfilega ákveðin kr. 100.00 sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 3 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms staðfestist.

Allan kostnað við áfrýjun sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 350.00 til hvors, ber kærða að greiða.

Dómsorð :

Kærði, Sigurjón Sigurðsson, greiði kr. 100.00 sekt í ríkissjóð, og komi varðhald 3 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms á að vera óraskað.

Kærði greiði allan kostnað við áfrýjun sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Gunnars Þorsteinssonar og Einars B. Guðmundssonar, kr. 350.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 15. desember 1948.

Ár 1948, miðvikudaginn 15. desember, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Loga Einarssyni, fulltrúa saka-dómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 5904/1948: Valdstjórinn gegn Sigurjóni Sigurðssyni, sem tekið var til dóms hinn 15. f. m.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Sigurjóni Sigurðssyni kaupmanni, Njálsgötu 48 hér í bæ, til refsingar og greiðslu sakar-kostnaðar fyrir brot gegn tilkynningu verðlagsstjóra nr. 25 14. nóvember 1947, sbr. lög nr. 70 5. júní 1947, um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit.

Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 18. nóvember 1916 í Reykjavík. Hinn 31. október 1932 var kærði áminntur fyrir ljósleysi á reið-hjólí, en að öðru leyti hefur hann hvorki sætt kærú né refsingu, svo að kunnugt sé.

Með bréfi, dags. 30. september sl., kærði verðlagsstjóri yfir því, að í verzlun kærða, Valencia, að Njálsgötu 48, væri til sölu sælgæti, fikju-stengur og hnetustengur, sem eigi væru merktar nafni eða vörumerki fyrirtækja þeirra, er sælgætið framleiddi.

Kærði skýrir svo frá, að honum hafi borizt sælgætisstengurnar í merkt-um umbúðum, en hann hafi tekið þær úr umbúðunum og sett þær í gler-krúsir og haft þær þannig á boðstólum án upprunamerkja.

Með framangreindu atferli hefur kærði gerzt brotlegur við tilkynningu verðlagsstjóra nr. 25 14. nóvember 1947, in fine, sbr. 19. gr. laga nr. 70 5. júní 1947, um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og gjaldeyriseftirlit. Samkvæmt 2. mgr. 22. gr. nefndra laga þykir refsing kærða hæfilega ákveðin 200.00 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 4 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa að telja.

Kærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans hér við réttinn, héraðsdómslög-manns Gunnars Jónssonar, kr. 150.00.

Rekstur málsins hefur verið vitalaus.

Dómsorð:

Kærði, Sigurjón Sigurðsson, greiði 200.00 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 4 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa að telja.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnar-laun skipaðs verjanda hans hér við réttinn, héraðsdómslögmanns Gunnars Jónssonar, kr. 150.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.